

Reglur um umönnunargreiðslur frá Reykjanesbæ

- 1. Umönnunargreiðslur þarf að sækja um mánaðarlega á www.mittreykjanes.is fyrir 25. hvers mánaðar.**
- 2. Upphaf greiðslna miðast við níu mánaða aldur og lýkur þegar barn byrjar á leikskóla, við tveggja ára aldur. Í undantekningatilvikum geta foreldrar sótt um undanþágu til fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Þá þarf að liggja fyrir að uppeldislegar aðstæður barns séu taldar betri heima. Almenn er gert ráð fyrir að leikskólapláss sé í boði fyrir foreldra. Félagsráðgjafar hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar leggja mat á undanþágur.**
- 3. Foreldri sem af einhverjum ástæðum á ekki rétt á níu mánaða fæðingarorlofi getur sótt sérstaklega um að fá greiðslur frá sex mánaða aldri barns. Umsóknir eru afgreiddar hjá Fjölskyldu og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Undanþágur þarf að sækja um mánaðarlega. Skila þarf inn vottorði frá Fæðingarorlofssjóði þess efnis að fæðingarorlofi foreldris/foreldra sé lokið.**
- 4. Foreldrar sem af einhverjum ástæðum eiga rétt á lengra fæðingarorlofi en níu mánuðum eiga ekki rétt á greiðslu fyrr en fæðingarorlofi lýkur.**
- 5. Til þess að eiga rétt á greiðslum þarf a.m.k. annað foreldri að sækja kynningar á vegum Reykjanesbæjar. Kynningar þarf að sækja innan þriggja mánaða frá fyrstu umsókn en að öðrum kosti eru greiðslur ekki inntar af hendi. Hægt er að sækja um á ný þegar viðkomandi hefur sótt kynningar. Greiðslur eru ekki afturvirkar.**
- 6. Barn sem greitt er fyrir skal hafa sama lögheimili og það foreldri sem greitt er til.**

Greiðslufyrirkomulag

- 7. Greitt er inn á reikning á kennitölu þess foreldris sem sækir um. Greiðsla fer fram gegnum www.mittreykjanes.is samkvæmt reglum sem þar gilda.**
- 8. Umönnunargreiðslur eru greiddar fyrirfram annan virka dag hvers mánaðar en umsóknir skulu hafa borist fyrir 25. hvers mánaðar.**
- 9. Reykjanesbær áskilur sér rétt til þess að fresta eða hafna greiðslum leiki grunur á að foreldri eigi ekki rétt á þeim.**

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Reykjanesbæjar 31. maí 2007
Samþykktar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar með síðari breytingum 26. janúar 2010.